

Nr. 1236

19. desember 2019

REGLUGERÐ um fjárhæð atvinnuleysistrygginga.

1. gr.

Hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði skv. 32. gr. laga um atvinnuleysistryggingar miðast við tryggingahlutfall hins tryggða þannig að þær nemi aldrei hærri fjárhæð en 456.404 kr. á mánuði miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu, sbr. 15. eða 19. gr. laganna. Við útreikning á atvinnuleysisbótum fyrir hvern dag skal miða við 21,67 daga í mánuði.

2. gr.

Sá sem telst að fullu tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á rétt til óskertra grunnatvinnuleysisbóta sem skulu nema 289.510 kr. á mánuði. Lágmarksréttur til atvinnuleysistrygginga veitir rétt til $\frac{1}{4}$ hluta grunnatvinnuleysisbóta.

3. gr.

Frítekjumark skv. 2. mgr. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar skal vera 71.262 kr. á mánuði.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 33. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, gildir um fjárhæð atvinnuleysistrygginga sem reiknast fyrir tímabilið frá og með 1. janúar 2020 og síðar og öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 410/2018, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga, sem og reglugerð nr. 1204/2018, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2019.

Ásmundur Einar Daðason.

Bjarnheiður Gautadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2019